

23 des. 1945.

Mikilsverð útvarps- erindi

I.

Dr. Jón Vestdal á mikla þökk skilið fyrir erindi sín um kolin. Vjer höfum þar fengið, skýrt og skilmerkilega fluttan, ýmsan mikilsverðan fróðleik er snertir jarðfræði og landfræði, auk hins efnafræðilega. En efnafræðin er sú vísindagrein sem einna auðveldast gerir oss að skilja, hvernig það er ætlunarverk mannsins, að gerast sjálfur skapandi, og bæta náttúruna, þó að oft og mjög vilji verða á hinn veginn, meðan helstefnan ræður. Eins og t. d. begar uppgötvanir efnafræðinganna verða til þess, að á skammri stundu má leggja þús undir heimila í rústir, auk þess sem margir eru drepnir eða meiddir, og sökkva jafnvel hinum stærstu og sterkustu skipum. En þó er þetta ekki efnafræðingunum að kenna, heldur því, hve mjög skortir á, að líffræði og lífernismræði sje eins vel á veg komnar og vera byrsti, og ýms fræði önnur, sem óhagnýtileg virðast ennbá.

II.

Óskandi væri, að vjer fengjum að heyra dr. Jón Vestdal tala um kolefnið, þetta efni sem lífið byggist á, og er allra efna skærast og hérðast í sinni fegurstu mynd, en getur einnig kómið fram sem sót. Svo að munuri ìn verður nokkuð líkur og á góðum manni og vondum, eða öllu heldur, hinum besta manni og hinum versta.

Það er fróðlegt að veita því eftirtekt, að orðið kol þýðir: það sem hefir kólnað. Kemur í þessu fram, að menn kunnu að brenna til kola áður en þeir þektu mókol og steinkol. En í orðinu surtarbrandur felst vafa laust sí hugmynd, að einnig sú tegund kola sje orðin til við bruna. Má þar nálega svo að orði komast, að þar sje um að ræða nokkurskonar frumdrög til jarðfræði kolanna, og ekki stórum fjarstæðari en þegar voru, eins og til skamms tíma var gert, raktar til eldsuppkomu jarðmyndanir sem til jöklar er að rekja.

Helgi Pjeturss.